

Laugardaginn 25. febrúar 1956.

Nr. 2/1956.

Haraldur Jakobsson

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamanna-
félagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Félagsréttindi: Verkamannafélagi talið skylt að veita verkamanni inngöngu í félagið.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi, með stefnu dags. 8. þ. m., af Haraldi Jakobssyni verkamanni, Drápuhlíð 8, Reykjavík, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til þess að veita honum inntöku í téð félag með öllum réttindum fullgildra félagsmanna, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi minni en kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá þeim degi, er dómurinn tiltekur, unz félagið fullnægir umræddri skyldu sinni.
2. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að sæta refsingu fyrir að hafa ólöglega synjað stefnanda um inngöngu í nefnt félag.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur bótaskyldur fyrir það tjón, sem stefnandi hefði beðið af ólögmati synjun stefnda um félagsréttindi í Verkamannafélaginu Dagsbrún, en við munnlegan flutning málsins lagði hann þá kröfu til hliðar, en áskildi sér rétt til þess að fylgja henni fram síðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu að svo stöddu af kröfum stefn-

anda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, sem fæddur er í Reykjavík árið 1934, hefur átt þar heimilisfesti alla tíð. Hann hefur hin síðari ár stundað verkamannavinnu og verið aukafélagsmaður í Verkamannafélaginu Dagsbrún. Í nóvember s.l. réðist hann til Glersteypunnar h.f., en hafði áður unnið þar að byggingu verksmiðju þeirrar, sem hlutafélagið nú starfrækir. Hinn 2. þ. m. kom starfsmaður Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson, þangað sem stefnandi var við störf sín í verksmiðju Glersteypunnar og tjáði honum ásamt öðrum verkamönnum, er þar unnu og ekki voru fullgildir félagsmenn í Dagsbrún, að þeir yrðu að leggja niður störf sín, að lokinni þeirri vinnuvöku, er þá stóð yfir, þar sem þeir væru ekki í Dagsbrún. Ekki er annað vitað en að stefnandi hafi orðið við þessum tilmælum og hætt þar vinnu, er starfstíma hans lauk nefndan dag. Stefnandi kveðst þá hafa óskað eftir því við nefndan Guðmund, að gerast félagsmaður í Dagsbrún og er því haldið fram af stefnda, að Guðmundur hafi tjáð stefnanda, að hann yrði að snúa sér til skrifstofu Dagsbrúnar um það. Hinn 6. þ. m. fór stefnandi á skrifstofu Dagsbrúnar. Undirritaði hann og afhenti beiðni um inntöku í félagið. Daginn eftir 7. þ. m. lét hann aftur endurnýja inntökubeiðni sína og bjóða fram inntökugjald gegn því að fá félagsskirteini, svo sem gert er ráð fyrir í samþykktum Dagsbrúnar. Formaður Dagsbrúnar varð fyrir svörum. Kannaðist hann við það, að inntökubeiðni stefnanda hefði borizt félaginu, en kvaðst hvorki mundi taka við inntökugjaldi né láta honum í té félagsskirteini fyrr en trúnaðarráðsfundur hefði fjallað um umsóknina, en samkvæmt samþykktum félagsins skal leggja allar umsóknir um inngöngu í félagið fyrir trúnaðarráð félagsins. Kvaðst formaðurinn ekki vita, hvenær næsti fundur þess mundi verða haldinn, en bjóst við að það yrði bráðlega. Næsta dag, 8. þ. m., höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður greinir, og var mál þetta þingfest 9. s. m. Þann dag hélt trúnaðarráð Dagsbrúnar fund. Kom umsókn stefnda um inntöku í Dagsbrún til álita ásamt hartnær 60 öðrum samskonar umsóknum. Samkvæmt skýrslu stefnda voru rúmlega

40 þeirra samþykktar, en ákvörðun um hinar frestað. Var umsókn stefnanda meðal þeirra síðarnefndu. Eftir að mál þetta var höfðað, eða 15. þ. m., krafðist Glersteypan h.f. þess, að Dagsbrún veitti stefnanda inngöngu í félagið og skírskotaði í því efni til 1. gr. kjarasamnings þess, sem nú gildir milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en Glersteypan h.f. er einnig aðili að honum. Er svo um samið í tilvitnuðu ákvæði, að vilji vinnuveitandi taka til sín í vinnu mann, sem ekki sé félagi í Dagsbrún, þá skuli Dagsbrún skyld til þess að veita þeim manni inngöngu, ef hann sækir um það og það kemur ekki í bága við samþykktir Dagsbrúnar. Þessu bréfi svaraði fyrirsvarmaður Dagsbrúnar næsta dag 16. þ. m. Kveður hann inntökubeiðni stefnda til athugunar og væntanlega gengið frá henni á næsta trúnaðarráðsfundi.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að honum hafi af Dagsbrúnar hálfu verið neitað um það, að mega halda áfram vinnu sinni hjá Glersteypunni, en Dagsbrún hafi verið skylt að láta honum þegar í stað í té félagsskírteini, er veitti honum full vinnuréttindi til jafns við fullgilda félagsmenn, enda þótt trúnaðarráðsfundur hefði ekki staðfest inntöku hans. Þá var því og haldið fram af stefnanda við munnlegan flutning málsins, að stefnda hefði a. m. k. verið skylt að taka fyrir og samþykkja inntökubeiðni hans á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., sérstaklega þar sem hann hefði ekki fengið félagsskírteini strax, svo sem hann hefði átt rétt til samkvæmt 4. gr. samþykktu félagsins. Staðhæfir stefnandi, að fyrirsvarmenn Dagsbrúnar hafi með framangreindri framkomu sinni og viðbrögðum gagnvart inntökubeiðni hans, gefið sér fullt til efni til þess að krefjast félagsréttinda í Dagsbrún með málsókn þessari. Telur hann, að félagið hafi með drætti þeim, sem orðið hafi á því, að inntökubeiðni hans yrði staðfest, fellt á sig refsingu fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem drættinum verði fullkomlega jafnað til þess, að sér hafi verið synjað um félagsréttindi.

Stefndi hefur ekki af sinni hálfu borið fram nein atriði, er valdið gætu vafa um rétt stefnanda til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún, enda er því ekki haldið fram af fé-

lagsins hálfu, að stefnandi eigi ekki rétt til inngöngu í félagið. Hins vegar telur stefndi málssókn þessa með öllu ástæðulausa. Kveður hann, að inntökubeiðni stefnanda hafi að öllu leyti sætt venjulegri meðferð og enginn óeðlilegur dráttur orðið á afgreiðslu hennar. Hún hafi verið tekin til umræðu á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., en hins vegar hafi þá ekki unnizt tími til þess að afgreiða hana frekar en ýmissar aðrar inntökubeiðnir, sem frestað hafi verið að taka ákvörðun um. Hefur stefndi krafizt sýknu að svo stöddu, þar sem málshöfðun stefnanda hafi verið ótímabær meðan inntökubeiðni hans hefði ekki enn af eðlilegum ástæðum fengið afgreiðslu í trúnaðarráði félagsins, og því engin lög á honum brotin, af hálfu félagsins.

Svo sem að framan greinir, hefur því ekki verið haldið fram af stefnda, að stefnandi eigi ekki í raun og veru rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún. Hefur og ekkert komið fram í gögnum málsins, sem til þess bendi, að stefnandi eigi ekki slíkan rétt. Það var því eðlilegast, að þeir forráðamenn Dagsbrúnar, sem fjölluðu um inntökubeiðni hans, hefðu látið gilda um stefnanda ákvæði 4. gr. samþykktá félagsins, en þar segir, að sá, er verða vilji félagsmaður, skuli afhenda skriflega inntökubeiðni — eins og stefndi gerði — greiða inntökugjald og leysa skirteini, og sé hann þá fullgildur félagsmaður, að því tilskyldu, að næsti trúnaðarráðsfundur samþykki inntökubeiðni hans. Stefnandi hefði þá samkvæmt þessu ákvæði strax þann 7. þ. m., er inntökugjaldið var boðið fram, átt að fá vinnuréttindi hjá Glersteyppunni h.f. til jafns við aðra félagsmenn, meðan trúnaðarráð félagsins hafði ekki enn fjallað um umsókn hans. Ætla má af því, sem rakið var um samskipti stefnanda við fyrirsvarmenn Dagsbrúnar, að hann hafi mátt gera ráð fyrir því, að hann fengi ekki viðstöðulausa inngöngu í félagið, enda styður þetta afgreiðsla sú, sem inntökubeiðni hans fékk á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m. Málssókn stefnanda var þannig ekki ástæðulaus og ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu hans, að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, gegn greiðslu á tilskildu inntökugjaldi, en ekki

þykir ástæða til þess að leggja við dagsektir til handa stefnanda.

Eins og máli þessu er háttað, eru ekki efni til þess að dæma refsingu á hendur stefnda og ber að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, er skylt að veita stefnanda, Haraldi Jakobssyni, inntöku í félagið með fullum félagsréttindum gegn greiðslu tilskilins inntökugjalds.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 25. febrúar 1956.

Nr. 3/1956. **Jóhann Sigurðsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Félagsréttindi: Verkamannafélagi talið skylt að veita verkamanni inngöngu í félagið.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. þ. m. af Jóhanni Sigurðssyni verkamanni, Vesturgötu 69, Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.